

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 420.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 750.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps og Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Voga selur raforku á þann hátt og með því, sem hér segir:

1. Lýsing.

- Um kWst.-mæli á kr. 40.00 hver kWst.
- Um kWst.-mæli á kr. 15.60 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 175.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60.70 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

- Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst.